

**Psychosocial problems of 13-16 year-olds during the recovery phase of the COVID-19 pandemic in Iceland “Sálfélagslegir erfiðleikar 13-16 ára unglunga í kjölfar COVID-19 faraldursins á Íslandi“**

**Bertrand Lauth, sérfræðilæknir**

**Guðmundur Skarphéðinsson, prófessor**

**Andre Sourander, professor**

**Markmið rannsóknarinnar** er að kanna með viðurkenndum matstækjum geðheilsu og möguleg vandamál unglunga á Íslandi, og bera saman við niðurstöður svipaðra kannanna gerðar í öðrum löndum, fyrir og eftir Covid heimsfaraldur. Þessi rannsókn er hluti af alþjóðlegu verkefni sem þegar er í gangi í meira en 20 mismunandi löndum um allan heim, undir stýringu rannsóknarteymis í Turku Háskóla, í Finnlandi. Íslenska þýðið samanstendur af dæmigerðum hópi af nemendum í áttunda, níunda og tíunda bekk í grunnskólum á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni.

**Framkvæmd:** aflað verður samþykkis þátttakenda og forráðamanna þeirra. Einnig verður aflað samþykkis skólastjórnenda. Markmiðið er að fá svör frá u.þ.b. 1000 þátttakendum. Þar sem við gerum ráð fyrir um 30% svarhlutfalli eða minna þá viljum við biðja fjórum sinnum fleiri að taka þátt. Nafnlaus rafræn könnun verður einnig lagt fyrir kennara áttunda, níunda og tíunda bekkinga í völdum grunnskólum.

**Vísindalegt gildi:** mjög fáar rannsóknir hafa verið framkvæmdar með viðurkenndum matstækjum um geðheilsu unglunga á Íslandi, þær eru meira en 20 ára gamlar og með litlum þýðum. Þessi rannsókn mun færa okkur ómetanlegar upplýsingar um líðan, geðræna erfiðleikarnir og önnur vandamál sem íslenskir unglingar glíma við í dag, til samanburðar við samsvarandi upplýsingar í öllum heimsálfum.